From: Foreldrafélag Sjálandsskóla
Subject: Fréttabréf frá foreldrafélaginu
Date: 13. janúar 2010 20:05:58

Foreldrafélag Sjálandsskóla

Fréttabréf **Janúar 2010**

Kæru foreldrar

Gleðilegt ár!
Það er von okkar að sem flestir hafi nýtt hátíðarnar í samvistum með börnununum.

Besta forvörnin er að verja tíma með börnunum, þekkja félagana og foreldra þeirra.

Á mánudaginn var haldinn fundur með öllum bekkjarfulltrúum og er frábært að sjá hversu áhugasamt og viljugt fólk er í að halda uppi virku foreldrasamstarfi. Mikið af góðum hugmyndum komu fram og meðal annars er nú verið að hefja "bekkjarmöppur" með myndum og minningum frá hverju skólaári. Við væntum þess að þessar möppur verði ómetanlegar á endurfundum bekkjanna um ókomin ár.

Með bestu kveðju,
Stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla

Í ÞESSU BRÉFI

Félagsgjöld í foreldrafélaginu
Afmæli
Akstur á hringtorgi

Félagsgjöd í foreldrafélaginu: 1.500.-

Nú er svo komið að foreldrafélagið kemur til með að vera virkur og enn mikilvægari þáttur í ýmsu er varðar skólastarfið. Útgjöld til skólamála hafa verið skert og hafa stjórnendur Sjálandsskóla lagt á það mikla áherslu að skerðingin komi ekki niður á kennslu og almennu skólastarfi.

Óhjákvæmilegt er því að útgjaldaliðir eins og rútur í skíðaferð lenda aftarlega á listanum. Stjórn foreldrafélgasins hefur því ákveðið að standa undir kostnaði við rútur í þessari árlegu og mjög svo skemmtilegu ferð (athugið að foreldrar eru hvattir til að koma með í þessar ferðir).
Að auki mun foreldrafélagið geta komið að einstökum verkefnum með styrkjum í formi peninga eða vinnuframlags. Okkur er mikið í mun að nemendur finni ekki fyrir þessari vonandi tímabundnu skerðingu.

Við hvetjum því alla foreldra til að greiða félagsgjöld sem eru á þessu skólaári kr. 1.500.- á fjölskyldu. Upphæðin greiðist inn á reikning: 546-26-2431 Kt.690805-2430

Athugið að til að lágmarka kostnað verða ekki sendir út gíróseðlar þannig að best er að fara STRAX í heimabankann og ganga frá þessari greiðslu - einnig er tekið á móti frjálsum framlögum :-) Munið að setja nafn og bekk barns í skýringu.

Afmæli

Að gefnu tilefni viljum við minna á að afmælisboð verða með reglulegu millibili tilefni til sárinda og togstreitu innan bekkjanna. Til að fyrirbyggja það hvetjum við alla til að nýta sér eftirfarandi leiðbeiningar:

Bjóðum í afmæli:

- öllum í umsjónahóp
- öllum stelpum eða öllum strákum í umsjónahóp
- öllum í árgangi
- öllum stelpum eða öllum strákum í árgangi

Ef bjóða á fáum þá þarf fjöldinn að vera innan við helmingur. Dæmi: Í tilteknum árgangi eru 15 stelpur, ef bjóða á hluta þeirra má fjöldinn ekki fara yfir 7 og þá eru boðskort ekki afhent í skólanum.

Ef besta vinkonan eða besti vinurinn er ekki í tilteknum hóp sem verið er að bjóða, þá fær sá að sjálfsögðu að fljóta með.

Við viljum þó benda á að afmæli eru kjörinn vettvangur til að kynnast betur bekkjarfélögum barnanna og hvetjum foreldra til að setja sig í spor barnsins sem sjaldan eða aldrei er boðið í afmæli. Óskastaðan væri ef afmælin kæmu til með að hjálpa til við samskipti og hrista saman hópinn.

Akstur til og frá skóla

Stjórnin vill árétta eftirfarandi:

Hringtorgið er ekki bílastæði!

Um leið og einn bíll stöðvar lengur en mínútu á hrigtorginu þá stöðvast eðlilegt flæði bifreiða. Ef bíða þarf eftir barni eða fara með því inn að skóla þá verður að leggja bílnum í þar til gerð bílastæði.

Það sjá það allir sem vilja hversu gríðarleg slysahætta það er að láta börnin stökkva á milli bíla og smeigja sér framhjá bílum sem lagt er þvers og kruss. Margir þessara bíla eru mikið hærri en börnin og í myrkri er ekki mögulegt að sjá þau.

Til þess að allt gangi vel fyrir sig;

Á morgnana:

Komið inn í hringtorgið, bíðið eftir að stæði losni í ytri hring. Leggið í stæði og hleypið barninu út hægra megin við bílinn. Keyrið strax í burtu til að hleypa þeim næsta að.

Að loknum skóladegi:

Leggið bílnum í stæði og haldið hringtorginu fríu. Þegar þið sjáið að barnið er komið, keyrið þá að hringtorginu, leggið eins og um morguninn og hleypið barninu inn hægra megin í bílinn. Ef þið þurfið það leggja það langt frá að þið sjáið ekki barnið koma gangandi, gangið þá á móti barninu eða hafið svolitla biðlund uns örlítið hefur hreinsast frá.

Athugið að koma þessum skilaboðum til ömmu, afa, frænku, frænda og/eða þess sem sækir barnið í skólann að skóladegi loknum.

Virkir foreldrar styðja við gott skólastarf

Mikilvægi foreldra í skólastarfi er alltaf að aukast og flestir gera sér grein fyrir hversu gríðarlegt forvarnargildi gott foreldrasamstarf hefur.

Næsti viðburður á vegum foreldrafélgasins verður Páskabingó - nánar auglýst síðar.
Hlökkum til að sjá ykkur sem flest,
Stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla